



Félagsmálaráðuneytið
Samráðsgátt mál nr. 76/2021

Reykjavík 30. mars 2021

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um Mælaborð um farsæld barna.

Virðingarfyllt,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um Mælaborð um farsæld barna.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi þakka fyrir boð um að senda inn athugasemdir við ofangreint mál.

Samtökin fagna fyrirhugaðri þróun mælaborðs til þess að halda utan um tölfræðigögn sem varpa ljósi á líðan, velferð og réttindi barna á Íslandi og taka gjarnan þátt í undirbúningi þess eins og þörf verður fyrir.

Barnaheill taka undir þau sjónarmið sem fram koma í umfjöllun um yfirstandandi innleiðingu Barnasáttmálans að mikilvægur hluti innleiðingarinnar er að safna tölfræðigögnum og að afla þekkingar á stöðu barna almennt og jafnframt stöðu ákveðinna hópa barna. Slíkar upplýsingar eru grundvöllur fyrir raunverulega framfylgd mannréttinda barna eins og þau birtast í Barnasáttmálanum. Það er því mikið fagnaðarefni að ráðast skuli í að halda vel utan um upplýsingar og gögn sem safnað er og sem segja til um hver raunveruleg staða barna er og hvar á vantar að þau njóti sinna lágmarksréttinda.

Eins og fram kemur í undirbúnings skjali í samráðsgáttinni þarf „við þróun mælaborðs um farsæld barna á Íslandi ... að horfa til fjölbreyttra þátta svo sem heilsu, hamingju, menntunar, öryggis, tækifæra, lífskjara, félagslegra tengsla, fjölskyldulífs, þátttöku í samfélaginu og áhrifa barna á ákvarðanir sem varða daglegt líf þeirra.“

Að auki þarf að mati Barnaheilla að horfa til þátta eins og afleiðinga ofbeldis, vanrækslu, eineltis og fátæktar, stöðu flóttabarna, fatlaðra barna, langveikra barna og barna af erlendum uppruna og áhrifa þessara þátta á tækifæri barna til lífshamingju. Enn fremur þarf að afla upplýsinga, halda utan um þær og nýta, um stöðu ungra foreldra og um velferð foreldra sem hafa alist upp við erfiðar aðstæður og áföll. Mikilvægt er að halda utan um upplýsingar um áföll foreldra svo aðstoða megi þá við að vinna sig út úr vanlíðan vegna áfalla sinna, svo draga megi úr líkum á því að áföll foreldra komi niður á hæfni þeirra eða tækifærum til að búa börnum sínum góð uppeldisskilyrði.

Ráðuneytið og stýrihópur Stjórnarráðsins um mælaborð hafa óskað eftir tilteknum upplýsingum og leggja Barnaheill eftirfarandi að mörkum:

- 1) Tillögur að mælingum sem varpa ljósi á farsæld barna á Íslandi:
 - a. Áhrif úrvinnslu áfalla foreldra og barna á líf barna og vegferð
 - b. Mælingar á þekkingu foreldra á jákvæðum og virðingarríkum uppeldisaðferðum, fyrir og eftir íhlutun/fræðslu
 - c. Áhrif íhlutunar/inngrípa þegar börn hafa fengið stuðning vegna hvers lags vanda, svo sem í tilfellum barnaverndarþjónustuúræða, þegar barn hefur fengið sálfræðimeðferð/stuðning eftir áföll, þegar barn hefur fengið stuðning eða þjónustu til að takast á við námserfiðleika o.fl.

- d. Mælingar á þekkingu barnaverndarstarfsfólks, kennara og annarra sem starfa með og fyrir börn á áfallamiðaðri nálgun og hvernig skal lesið úr einkennum og afleiðingum áfalla (ACE).
 - e. Mæling á lengd biðar eftir þjónustuúrræðum og eftir afgreiðslu sýslumannsembætta á málum sem tengjast börnum (börn geta ekki beðið)
 - f. Safna þarf gögnum um börn sem eru aðstandendur sjúklinga
 - g. Safna þarf gögnum um börn sem eru aðstandendur fíkla
 - h. Safna þarf gögnum um afdrif barna sem eru eða hafa verið í fóstri, hvort sem er tímabundnu eða ótímabundnu
 - i. Safna þarf gögnum um börn sem eru veik og um áhrif veikinda þeirra á afkomu og velferð fjölskyldunnar
 - j. Mæla þekkingu á Barnasáttmálanum
- 2) Ábendingar um gögn sem geta nýst í mælaborðið:
- a. Lýðheilsuvísar Embættis landlæknis
 - b. SAFT rannsóknir
 - c. Upplýsingar um biðlista eftir þjónustu fyrir börn, svo sem bið eftir greiningum og úrræðum ýmiskonar
 - d. Gögn frá Rannsóknum og greiningu
 - e. Gögn frá Skólapúlsinum
 - f. Gögn frá Félagsvísindastofnun
 - g. Rannsóknir og gögn frá meistaranemum í félagsvísindum, svo sem félagsráðgjöf o.fl.
 - h. Upplýsingar um þjónustuúrræði í boði
 - i. Upplýsingar um stofnanir sem veita tiltekna þjónustu
 - j. Upplýsingar frá Greiningarstöð ríkisins
 - k. Gögn frá heilsugæslu um heilsuvernd barna, yngri og eldri
 - l. Gögn frá Barnaheillum – skýrslur og rannsóknir
 - m. Gögn frá UNICEF – skýrslur og rannsóknir
 - n. Gögn frá umboðsmanni barna – ársskýrslur og annað, m.a. niðurstöður barnaþings.
 - o. Gögn frá SAMFÉS – frá landsþingi ungmenna o.fl.
 - p. Gögn frá LUF – Landssambandi ungmennafélaga
 - q. Gögn frá SÍF – Sambandi íslenskra framhaldsskólanema
 - r. Rannsóknir úr tómsundafræðum
 - s. Rannsóknir úr fjölskyldufræðum
 - t. Rannsóknir úr tengslafræðum
 - u. Rit og önnur gögn Sigrúnar Aðalbjarnardóttur
 - v. Könnun SAMAN hópsins - [Samverustundir-og-viðhorf-til-áhættuhegðunar.pdf \(samanhopurinn.is\)](#)
 - w. Gögn úr ungbarnaeftirliti og mæðravernd
 - x. Upplýsingar um brotthvarf úr framhaldsskólum
 - y. Mengunarmælingar Umhverfisstofnunar
 - z. Aðrar umhverfismælingar sem mælt geta áhrif á líf barna

- 3) Ábendingar um hópa barna í viðkvæmri stöðu sem er ástæða til að leggja áherslu á, annað hvort með því að draga þá sérstaklega fram í niðurbroti mælinga eða með sérstökum mælingum sem eru sértækar fyrir hópinn.
- a. Börn af erlendum uppruna
 - b. Fötlúð börn
 - c. Langveik börn
 - d. Börn sem eru eða hafa verið í neyslu
 - e. Börn sem búa við fátækt eða undir lágtekjumörkum
 - f. Börn foreldra sem hafa orðið fyrir áföllum
 - g. Börn sem hafa orðið fyrir áföllum
 - h. Börn sem aðstandendur veikra
 - i. Börn sem aðstandendur fatlaðra,
 - j. Börn sem aðstandendur fíkla
 - k. Börn sem aðstandendur fanga
 - l. Börn sem hafa verið á flóttu
 - m. Börn sem hafa orðið fyrir einelti
 - n. Börn sem ekki eru í skóla eða heimakennslu
 - o. Börn sem búa á heimilum þar sem töluð eru fleiri en eitt tungumál
 - p. Börn sem búa á barnmörgum heimilum

Barnaheill hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllu sínu starfi og leggja áherslu á vernd barna gegn ofbeldi og á bann við mismunun. Samtökin hvetja til þess að undirbúningur og þróun mælaborðsins verði framsýn og heildstæð frá upphafi og geri ráð fyrir greiðu aðgengi að upplýsingum fyrir börn og fullorðna, fyrir þjónustustofnanir, námsfólk og menntastofnanir svo og alla sem vinna með og fyrir börn.